

Valdimar Leó býður sig fram til forseta ÍSÍ

Drifkraftur samfélagsins er í íþróttum, segir Valdimar Leó Friðriksson.

„Íþróttir eru einn öflugasti drifkraftur samfélagsins. Íþróttir sameina okkur, þær kenna okkur samvinnu og gleði og skapa rými fyrir iðkendur á öllum aldri. Í íþróttum er enginn einn, þar erum við öll hluti af hópi. En það eru áskoranir í íþróttum sem við þurfum að vinna með,“ segir Valdimar Leó Friðriksson, sem hefur ákveðið að bjóða sig fram til forseta Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

Valdimar leggur áherslu á aukna samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar, aukið upplýsingastreymi þvert á félög og landssvæði og meira samtal og betri stuðning frá ríki og sveitarfélögum við íþróttafélög um allt land.

Valdimar segir íþróttir lykilinn að mörgu, bættri lýðheilsu og betra samfélagi.

„Við stöndum frammi fyrir raunverulegum áskorunum í umhverfi íþróttar, sjálfbærleika hefur fækkað, aðstaða til íþróttaiðkunar er víða ófullnægjandi, ferðakostnaður hamlar þátttöku barna og ungmenna til íþróttaiðkunar og sligar margar fjölskyldur. Þetta kemur niður á mörgu í samfélaginu og mörgum íþróttafélögum. Ég trúi því að með því að mæta þessum áskorunum með samstarfi þá munum við efla íþróttir og efla jafnræði um allt land. En íþróttahreyfingin á að vera leiðarljós, hreyfiaflið í samfélaginu,“ segir hann.

UM VALDIMAR LEÓ

Ég hef starfað innan íþróttar- og ungmennafélagshreyfingarinnar í nær 40 ár

Hef setið í mörgum nefndum fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Í dag er ég í stjórn ÍSÍ og stýri Ferðasjóði íþróttahreyfingarinnar, sem ég átti stóran þátt í að koma á laggirnar ásamt Jóhanni Torfasyni. Ég var formaður UMSK um árabil og stofnaði Skólahreysti fyrir 20 árum ásamt Andrési Guðmundssyni.

Ég vil leggja áherslu á samvinnu og fjárstuðning frá ríki og sveitarfélögum. Frá ríkinu til Sérsambandanna og ÍSÍ og frá sveitarfélögum til reksturs íþróttafélaganna. Árið 1998 komum við Bjarni Jóhannsson (knattspyrnuþjálfari) þáverandi Íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar á þjónustusamningi milli Aftureldingar og Mosfellsbæjar. Í upphafi hljóðaði hann upp á 2,5 milljónir. Í dag fær félagið 150 milljónir árlega. Mörg félög hafa tekið þennan samning upp og ég vil koma honum á fyrir öll íþróttar- og ungmennafélög í landinu.

Á sínum tíma lagði ég fram tillögu hjá ÍSÍ um rekstrarstyrk frá ríki til Sérsambandanna. Hugmyndin var að gera minni sérsamböndum auðveldara að ráða starfskraft í hlutastarf. Miðað við launavísitölu þá ætti að vera búið að tvöfalda styrkuppþæðina. Það mun verða mitt fyrsta verkefni sem forseti ÍSÍ.